

## TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2001/1/EB

frá 22. janúar 2001

## um breytingu á tilskipun ráðsins 70/220/EBE varðandi ráðstafanir gegn loftmengun frá vélknúnum ökutækjum

EVROÞUPINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS Hafa,  
með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 95. gr.,  
með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(1)</sup>,  
með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(2)</sup>,  
í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans <sup>(3)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Tilskipun ráðsins 70/220/EBE frá 20. mars 1970 um samræmingu laga aðildarríkjanna um ráðstafanir gegn loftmengun frá vélknúnum ökutækjum <sup>(4)</sup> er ein sértilskipana sem fjalla um gerðarviðurkenningaraðferðina sem mælt var fyrir um í tilskipun ráðsins 70/156/EBE frá 6. febrúar 1970 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra <sup>(5)</sup>.
- 2) Í tilskipun 70/220/EBE er mælt fyrir um forskriftir fyrir prófanir til að mæla losun frá ökutækjum sem falla undir gildissvið hennar. Í ljósi nýfenginnar reynslu og örrar þróunar á sviði innbyggðra greiningarkerfa er viðeigandi að breyta þessum forskriftum því til samræmis.
- 3) Innbyggð greiningarkerfi (OBD) hafa ekki verið fullþróuð fyrir ökutæki með rafkveikjuhreyfli, sem eru að öllu leyti eða að hluta knúin fljótandi jarðolíugasi eða jarðgasi, og ekki er hægt að krefjast þeirra í nýjum gerðum slíkra ökutækja fyrir 2003.
- 4) Breyta ber tilskipun 70/220/EBE með tilliti til þessa.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi komi í stað liðar 8.1 í I. viðauka við tilskipun 70/220/EBE:

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB C 365 E, 19.12.2000, bls. 268.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB C 204, 18.7.2000, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Álit Evrópuþingsins frá 17. maí 2000 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB). Sameiginleg afstaða ráðsins frá 10. október 2000 (Stjtið. EB C 329, 20.11.2000, bls. 1) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 13. desember 2000 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 76, 6.4.1970, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/102/EB (Stjtið. EB L 334, 28.12.1999, bls. 43).

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB L 42, 23.2.1970, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/91/EB (Stjtið. EB L 11, 16.1.1999, bls. 25).

## „8.1. Ökutæki með rafkveikjuhreyfli

## 8.1.1. Bensínhreyfill

Frá og með 1. janúar 2000 verða nýjar gerðir ökutækja og, frá og með 1. janúar 2001, allar gerðir ökutækja í flokki M1, að undanskildum ökutækjum með hámarks massa yfir 2 500 kg, og í I. undirflokki í flokki N1 að vera búnar innbyggðu greiningarkerfi fyrir mengunarvörn í samræmi við XI. viðauka.

Frá og með 1. janúar 2001 verða nýjar gerðir ökutækja og, frá og með 1. janúar 2002, allar gerðir ökutækja í II. og III. undirflokki í flokki N1 og í flokki M1, sem eru með hámarks massa yfir 2 500 kg, að vera búnar innbyggðu greiningarkerfi fyrir mengunarvörn í samræmi við XI. viðauka.

## 8.1.2. Ökutæki, knúin fljótandi jarðolíu- eða jarðgasi

Frá og með 1. janúar 2003 verða nýjar gerðir ökutækja og, frá og með 1. janúar 2004, allar gerðir ökutækja í flokki M1, að undanskildum ökutækjum með hámarks massa yfir 2 500 kg, og í I. undirflokki í flokki N1, sem eru að öllu leyti eða að hluta knúnar fljótandi jarðolíugasi eða jarðgasi, að vera búnar innbyggðu greiningarkerfi fyrir mengunarvörn í samræmi við XI. viðauka.

Frá og með 1. janúar 2006 verða nýjar gerðir ökutækja og, frá og með 1. janúar 2007, allar gerðir ökutækja í II. og III. undirflokki í flokki N1 og í flokki M1, sem eru með hámarks massa yfir 2 500 kg og eru að öllu leyti eða að hluta knúnar fljótandi jarðolíugasi eða jarðgasi, að vera búnar innbyggðu greiningarkerfi fyrir mengunarvörn í samræmi við XI. viðauka.“

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykka nauðsynleg lög og stjórn-sýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari fyrir 6. febrúar 2002. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

*3. gr.*

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

*4. gr.*

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 22. janúar 2001.

*Fyrir hönd Evrópuþingsins,*

N. FONTAINE

*forseti.*

*Fyrir hönd ráðsins,*

A. LINDH

*forseti.*